

Fundargerð 81. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2025, miðvikudaginn 19. febrúar kl. 09:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Guðmundur Haukur Jakobsson, Ísleifur Jónasson, Jónína Brynjólfsdóttir, Knútur Emil Jónasson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Kjartan Benediktsson og Kristinn Andersen.

Að auki sátu fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundir með ráðherrum - 2501005SO

Formaður sagði frá fundi með fjármála- og efnahagsráðherra er fór fram 7. febrúar sl. Á fundinn mættu f.h. samtakanna Ása Valdís Árnadóttir og Ísleifur Jónasson og frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga, Arnar Þór Sævarsson og Bryndís Gunnlaugsdóttir.

Vonir standa til að hægt verði að kynna vinnu við frumvarpsdrögin á Orkufundi samtakanna í vor en einnig þarf að halda áfram vinnu við að fá flutningsmannvirki raforku metin til fasteignaskatts.

Samtökin hafa einnig óskað eftir fundi með samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra en beðið er eftir viðbrögðum við þeim beiðnum.

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga fagnar því að unnið sé að frumvarpi um afnám undanþágu frá fasteignasköttum og að frumvarp verði lagt fyrir þing næsta haust. Afnám undanþágu frá fasteignasköttum hefur verið eitt af helstu markmiðum samtakanna frá stofnun þess 2011. Samtökin vonast eftir áframhaldandi góðu samstarfi með nýjum fjármála- og efnahagsráðherra.

Guðjón Bragason ráðgjafi mætti á fundinn kl.9:40

2. Frumvarp til laga um raforkulög og stjórn vatnamála - flýtimeðferð og breyting á vatnshloti, 89. mál - óskað umsagnar - 2502001SO

Til umfjöllunar frumvarp til laga um raforkulög og stjórn vatnamála en samtökin ásamt Samtökum sveitarfélaga á köldum svæðum (SSKS) sendu frá sér sameiginlega fréttatilkynningu þann 14. febrúar sl. þar sem fagnað var framkomnu frumvarpi.

Samtökin í samstarfi við SSKS hafa fengið Guðjón Bragason ráðgjafa til að rita umsögn fyrir hönd beggja samtaka og mætti hann á fundinn til að fara yfir drög að umsögn.

Stjórn fagnar yfirlýsingu ráðherra um breytingar á raforkulögum og lögum um stjórn vatnamála og samþykkja fyrirbyggjandi drög að umsögn og vænta þess að málið verði afgreitt hratt frá Alþingi.

Fundi var slitið kl. 10:30